

Þriðjudaginn 21. október 1975.

Nr. 7/1975. Skálafell h/f

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

gegn

Erlendi Jónssyni

(Haukur Jónsson hrl.).

Dómentur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr,
Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Sjómannalög.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 20. janúar 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi hefur stefndi lýst því, að hann byggi ekki kröfur sínar á því, að hann hafi verið endurráðinn til starfa á skipi áfrýjanda eftir 1. október 1972.

Samkvæmt vottorði Þórhalls B. Ólafssonar læknis vitjaði hann stefnda 5. september 1972. Læknirinn vísaði stefnda til röntgenrannsóknar 13. september s. á. og síðar „eftir þ. 25/9 '72“ til sérfræðings í skurðlækningum. Þá segir í vottorði þessa læknis: „Ég ráðlagði sjúkl. í upphafi að hefja vinnu aftur, þegar hann treysti sér til þess, enda var ekki fullljóst hvaða sjúkdómi hann var haldinn“. Kristján Baldvinsson, sjúkrahúslæknir á Selfossi, segir í vottorði sínu, að stefndi hafi beðið eftir sjúkrahúsvist frá 26. september 1972 og hafi verið vistaður á sjúkrahúsið á Selfossi 16. október s. á.

Samkvæmt siglingavottorði var stefndi lögskráður sem stýrimaður á skip áfrýjanda frá 21. júlí 1972 til 1. september s. á. og frá 25. september 1972 til 2. október s. á.

Í 20. gr. kjarasamnings þess, er gildi um kaup og kjör stefnda hjá áfrýjanda á þeim tíma, sem hér skiptir máli, segir, að verði skipstjórar eða stýrimenn frá verki vegna

veikinda og slysa, skuli „útgerðarmaður greiða þeim full laun samkvæmt sjómannalögum“. Ákvæði 3. mgr. 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 eiga því við um málsefni það, er hér um ræðir. Skýra ber ákvæði þetta svo, að skipverji eigi því aðeins rétt til launa úr hendi útgerðarmanns á veikindatíma, að hann verði óvinnufær, meðan á ráðningartíma stendur. Ráðningartíma stefnda hjá áfrýjanda lauk 2. október 1972. Með vísan til þess, er að framan greinir um sjúkrasögu stefnda, getur hann því eigi sótt áfrýjanda til greiðslu launa samkvæmt þeim heimildum, sem hann byggir málssókn sína á. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Skálafell h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Erlends Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verslunardóms Rykjavíkur 7. október 1974.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 1. þ. m., hefur Erlendur Jónsson stýrimaður, N. götu 16, Þorlákshöfn, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 8. júní 1973, á hendur Skálafelli h/f, Þorlákshöfn, til greiðslu á kauptryggingu að fjárhæð kr. 93.269 ásamt 7% ársvöxtum frá 14. desember 1972 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta LMFÍ. Enn fremur krefst stefnandi viðurkenningar á sjóveðrétti í m/b Skálafelli, ÁR 20, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að skaðlausu samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Reynt hefur verið að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Í febrúarmánuði 1971 réðst stefnandi í þjónustu stefnda. Fór hann þá sem stýrimaður á vegum stefnda til Noregs til að sækja

þar skip fyrir hann. Skip þetta er m/b Skálafell, ÁR 20. Var stefnandi síðan stýrimaður á skipinu það sem eftir var ársins.

Stefnandi er svo skráður stýrimaður á skipið hinn 14. janúar 1972, og 2. október 1972 er hann endanlega afskráður.

Með bréfi, dagsettu 25. júní 1972, sagði stefndi stefnanda upp störfum miðað við 1. október 1972. Segir í uppsögninni, að hún sé gerð vegna þeirrar óvissu, sem ríki í útgerðarmálum.

Hinn 5. september 1972 veikist stefnandi. Þórhallur B. Ólafsson héraðslæknir vitjaði hans þennan dag. Í vottorði læknisins segir, að hér sé um innvortis sjúkdóm að ræða, en ekki fullljóst hvaða sjúkdóm. Ráðlagði hann stefnanda að hefja vinnu aftur, þegar hann treysti sér til þess. Stefnandi kveðst hafa verið frá vinnu af þessum sökum í 6 daga. Síðan hafi hann farið að vinna um borð. Hinn 13. september sama ár fór stefnandi í röntgenmyndatöku að tilvísan héraðslæknis, og hinn 25. sama mánaðar kveður hann héraðslækninn hafa tjáð sér, að hann þyrfti að fara á spítala til aðgerðar vegna gallkvilla. Hafi læknirinn pantað fyrir sig spítalapláss. Kveðst stefnandi strax hafa látið útgerðina vita um þetta og hafi skipstjórinn spurt sig, hve lengi hann yrði frá vinnu. Tjáði stefnandi honum það eftir að hafa ráðfært sig við lækninn.

Stefnandi vann nú um borð í skipinu, og hinn 25. september 1972 var hann lögskráður á bátinn eins og aðrir skipverjar. Síðar í þeirri viku var farið á veiðar (í útilugu), en komið aftur til hafnar 2. október 1972 vegna óhagstæðrar veðráttu. Þann dag var stefnandi afskráður af bátnum eins og aðrir skipverjar. Greiddi stefndi stefnanda kauptryggingu fyrir dagana 1. og 2. október 1972.

Hinn 10. október 1972 bað Knútur Bjarnason útgerðarmaður, forsvarsmaður stefnda, stefnanda um að vinna með sér í netjum í verbúð skipsins. Féllst stefnandi á það og vann að því verki í þrjá daga, þ. e. 11., 12. og 13. október 1972, gegn tímakaupi verkamanna. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ekki hafi þá verið á það minnst, að stefnandi yrði ráðinn á bátinn á ný. Greiðslu fyrir verk þetta fékk stefnandi greidda hinn 16. október 1972 með þágildandi tímavinnulaunum. Þann sama dag mun stefnandi svo hafa verið lagður inn á sjúkrahús. Var hann á sjúkrahúsi til loka októbermánaðar, en var ekki skorinn upp. Var honum tjáð, að hann mætti ekki vinna og yrði óvinnufær að minnsta kosti til næstu áramóta. Kemur þetta fram í læknisvottorði Kristjáns Baldvinssonar, yfirlæknis sjúkrahússins á Selfossi, dags. 1. des-

ember 1972. Enn kemur fram í þessu læknisvottorði, að stefnandi hafði „gallblöðrubólgu og magabólgu á mjög háu stigi“.

Ekki vildi stefndi greiða stefnanda kaup eftir 13. október 1972. Stefnandi hefur ekki viljað fallast á þetta, en telur sig eiga rétt á tveggja mánaða veikindakaupi frá 13. október að telja samkvæmt 18. gr., 3. mgr., sjómannalaga nr. 67/1963. Gerir stefnandi kröfu til tveggja mánaða kauptryggingar ásamt fastakaupi og orlofi þennan tíma, sem gerir samtals kr. 93.269. Jafnframt getur stefnandi þess, að á téðu tímabili hafi báturinn fiskað fyrir mun meira heldur en sem nemi kauptryggingu.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að uppsögnin frá 25. júní 1972 hafi verið fallin niður, er hér hafi verið komið sögu, þar sem lögskráð hafi verið á bátinn hinn 25. september 1972 og farið í útilegu nokkrum dögum síðar. Hins vegar hafi báturinn þurft að koma til hafnar vegna veðurs 2. október 1972 og þá verið afskráð, en því jafnframt lýst yfir af skipstjóra, að það væri „eingöngu vegna ágreinings um váttryggingu skipshafnar“.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að ráðningar-samningi stefnanda hafi verið slitið og stefnandi ekki lengur skipverji á m/b Skálafelli, ÁR 20, þegar hann varð óvinnufær af veikindum sínum. Og telur stefndi því, að stefnandi geti ekki átt rétt á veikindakaupi samkvæmt ákvæðum sjómannalaganna. Hinn 16. október 1972 hafi stefnandi fengið greidda kauptryggingu fyrir 1. og 2. október 1972 auk verkamannakaups vegna vinnu í netjum þann 11. til 13. október 1972. Um nýja ráðningu stefnanda hafi aldrei verið að ræða, en augljóst, að ráðningar-samningi hans hafi verið slitið hinn 2. október 1972 þrátt fyrir tilraunir stefnanda til að halda því fram, að „uppsögnin væri fallin niður“.

Samkvæmt 13. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 sé uppsagnarfrestur 3 mánuðir. Endi ráðningartími, á meðan skip er í ferð, skal samningurinn gilda, þar til skipið kemur til hafnar eða þar sem skip hættir siglingu, sbr. 12. gr. sömu laga.

Af þessu sé það augljóst, að öllum ákvæðum sjómannalaga hafi verið fullnægt við ráðningarslitin, og þar sem ráðning hafi ekki farið fram á ný, geti stefnandi enga kröfu átt á hendur stefnda um veikindakaup samkvæmt ákvæðum sjómannalaganna.

Niðurstaða réttarins.

Með bréfi fyrirsvarsmanns stefnda til stefnanda, dags. 25. júní 1972, var stefnanda á löglegan hátt sagt upp störfum hjá stefnda frá og með 1. október 1972, sbr. 2. mgr. 13. gr. sjómannalaga nr.

67 31. desember 1963. Ekki felldi það úr gildi uppsögn þessa, þótt skipið kæmi eigi úr veiðiferð sinni fyrr en 2. október 1972, né skapaði það nýjan ráðningarsamning, heldur gildi sá fyrri, þar til skipið kom úr veiðiförinni, sbr. 12. gr. sjómannalaganna. Sama máli gegnir um þá vinnu, er stefnandi vann á verkamannakaupi að netjum skipsins 11., 12. og 13. október 1972, hún skoðast heldur ekki sem ný ráðning.

Í 3. mgr. 18. gr. nefndra sjómannalaga segir m. a. svo: „Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir, meðan á ráðningartíma stendur, á hann rétt til kaups, svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði, ef um er að ræða stýrimann ...“.

Af gögnum málsins þykir nægilega sannað, að stefnandi hafi fengið sjúkdóm, meðan á ráðningartíma hans stóð. Stefnandi varð að vísu ekki óvinnufær, fyrr en eftir að ráðningartíminn var úti, en þar sem rétturinn lítur svo á, að það sé ekki skilyrði til veikindakaups, að stefnandi verði einnig óvinnufær, meðan ráðningartíminn stendur, þá verður að telja, að hann eigi rétt til tveggja mánaða veikindakaups samkvæmt tilvitnaðri lagagrein.

Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð, enda hefur hún ekki sætt tölu-
legum andmælum.

Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til að gjalda stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 27.000.

Samkvæmt 2. tl. 216. gr. siglingalaga nr. 66 31. desember 1963 á stefnandi sjóveðrétt í m/b Skálafelli, ÁR 20, fyrir hinum til-
dæmdu fjárhæðum.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt Halldóri Sigurþórssyni stýrimanni og Hrafnkeli Guðjónssyni stýrimanni.

Dómsorð:

Stefndi, Skálafell h/f, greiði stefnanda, Erlendi Jónssyni, kr. 93.269 með 7% ársvöxtum frá 14. desember 1972 til greiðsludags og kr. 27.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Skálafelli, ÁR 20, til trygg-
ingar hinum tildæmdu fjárhæðum.